



Hafnarfjörður

Almennir viðskiptaskilmálar Hafnarfjarðarbæjar við kaup á vöru eða þjónustu

1. Gildissvið

Eftirfarandi viðskiptaskilmálar skulu gilda við kaup Hafnarfjarðarbæjar á vöru og þjónustu. Seljandi eða þjónustuveitandi, hér eftir nefndur birgir, sem afhendir vöru eða þjónustu samkvæmt pöntun eða beiðni frá starfsmanni Hafnarfjarðarbæjar telst hafa undirgengist skilmálana hafi ekki verið um annað samið.

2. Verð og reikningur

Allur kostnaður sem fellur til skal innifalinn í uppgefnu verði birgja. Einungis skal birta gjöld sem tengjast seldri vöru eða þjónustu á reikningi en ekki önnur viðbótargjöld svo sem seðil- eða þjónustugjöld. Telji birgir sig eiga rétt á greiðslu umfram verð vöru eða veittrar þjónustu skal hann senda nýjan reikning, með vísan í þann fyrri, ásamt skýringum og tilvísun í viðeigandi samningsákvæði.

Á reikningi skulu koma fram upplýsingar um uppruna viðskipta, ásamt nafni og deild tengiliðs hjá Hafnarfjarðarbæ. Reikningar skulu vera skráðir á eftirfarandi aðila:

- Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579
- Hafnarfjarðarhöfn, kt. 590169-5529

Reikningar skulu vera skilmerkilega uppsettir, með sundurliðun á vöru og þjónustu. Þá skal taka fram magn, einingaverð, afslætti og heildarverð. Ef við á skal jafnframt tiltaka þyngd og ummál vöru.

Að auki skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á reikningi:

- Lýsing á vöru eða veittri þjónustu
- Númer samnings ef við á
- Sýna skiptingu á milli vinnuliðar og annars kostnaðar þar sem við á
- Hvort vinnan sé sérfræðivinna og hvers eðlis hún er
- Verð birgis skal innifela allan kostnað
- Bankareikning, svo mögulegt sé að greiða með millifærslu ef þörf krefur

Tiltaka umsamda flutningsskilmála (INCOTERMS®). Þá skal birta a.m.k. eitt eftirfarandi atriði á reikningi:

- Númer pöntunar eða beiðni, ef uppgefið af kaupanda
- Verknúmer og verkliður, ef uppgefið af kaupanda

Skorti umbeðnar upplýsingar á reikning getur það valdið töfum á greiðslum og jafnvel orðið til þess að reikningi verði hafnað.

3. Afhending reiknings

Eftirfarandi gildir:



Hafnarfjörður

- Reikning til Hafnarfjarðarbæjar skal afhenda með rafrænum hætti í gegnum skeytamiðlun. Reikningi á pappír verður hafnað.
- Reikning skal gefa út samkvæmt gildandi tækniforskrift Staðlaráðs fyrir rafrænan reikning.
- Reikningur á Pdf-formi telst ekki vera rafrænn reikningur

- Greiðsluseðill eða innheimtukrafa er ekki reikningur
- Reikningar fyrir viðskipti hvers mánaðar þurfa að berast fyrir 20. næsta mánaðar.

Birgi, sem er án bókhaldskerfis eða er ekki bókhaldsskyldur, er heimilt að nota rafræna reikningagátt HFJ – <https://hafnarfjordur.peppol.is/login>. Birgi/Birgjum ber að vista frumgöng í eigin bókhaldi í samræmi við ákvæði bókhaldslaga. Bent er á að öll bókhaldskerfi geta sent rafræna reikninga. Eins má nýta skeytamiðlara til að senda staðlaða rafræna reikninga.

4. Gjaldfrestur og greiðslufyrirkomulag

Eftirfarandi ákvæði gilda um gjaldfrest og greiðslufyrirkomulag:

- Almennir greiðsluskilmálar eru 30 dagar. Hafi aðilar samið um lengri greiðslufrest, skal tiltaka hann í reikningi.
- Birgi er heimilt að nota greiðsluseðil til stýringar greiðslu sér til hagræðis. Tryggja verður að ákvæði um afhendingu, gjaldfrest og seðilgjöld séu virt ef greiðsluseðill er notaður. Að öðrum kosti verður samþykktur reikningur greiddur með millifærslu 30 dögum eftir gjalddaga.

5. Viðskiptayfirlit

Birgir velur annað hvort:

- Að gefa út reikning fyrir hverja afhendingu sem lokið er eða samkvæmt samningi
- Að setja hverja úttekt á viðskiptareikning og gefa út reikning í lok mánaðar með vísan í afhendingarseðla. Afhendingarseðill skal fylgja hverri afhendingu.

Athugið:

- Viðskiptayfirlit skulu vera rafræn
- Viðskiptayfirlit er ekki reikningur og greiðsluseðil má ekki tengja við það

6. Kreditreikningur

Ef nauðsynlegt er að leiðrétta reikning skal gefa út kreditreikning og tilgreina eftirfarandi:

- Ástæðu leiðréttinga
- Númer áður útgefins reiknings
- Ráðstöfun greiðslu, t.d. númer bankareiknings sem greitt er inn á